

Páskakveðja til nemenda, forráðamanna og starfsfólks

Þá eru þrjár vikur liðnar af samkomubanni og lokun skólahúsnaðis MA. Framundan er verðskuldað páskafrí og vonandi að sem flestir geti notið þess. Þótt skólinn hafi verið lokaður undanfarnar vikur hefur mikið nám og kennsla farið fram. Við viljum nota tækifærið og þakka öllum nemendum okkar og starfsfólki fyrir skjót viðbrögð við breyttum aðstæðum, þolinmæði meðan verið var að átta sig á nýju fyrirkomulagi í náminu og dugnaði og metnaði í námi og starfi. Þetta hefur að sjálfsögðu reynt á alla. Eins og komið hefur fram í skemmtilegum frásögnum nemenda og kennara á ma.is fylgja fjarnáminu kostir og gallar. Kennarar hafa verið duglegir við að nýta sér tæknina og prófa ýmsar lausnir. Sveigjanleiki í tímasókn og verkefnavinnu er meiri og því hægt að skipuleggja tímann nokkuð eftir eigin höfði. En hið félagslega vantar og lífið og samveruna sem fylgir því að vera í skóla og í MA.

Nú er ljóst að skólinn verður ekki opnaður strax að loknu páskafríi 15. apríl eins og vonir stóðu til heldur verða a.m.k. tvær og hálf kennsluvika í apríl einnig í fjarnámi. Það er því mikilvægt að ná að hvíla sig um páskana til að geta komið af krafti inn í fjarnám aftur. Það er afar eðlilegt að finna fyrir verkkvíða, jafnvel depurð en með aðstoð, hvatningu og ráðgjöf er sem betur fer oftast hægt að vinna sig út úr slíku. Einhverjir nemendur hafa átt erfitt með að skila verkefnum þessar síðustu vikur; við viljum hvetja alla sem glíma við slíkt að hafa samband við náms- og starfsráðgjafana eða kennarana sína.

Þegar skólanum var lokað var önnin rúmlega hálfnuð og því hafði margvíslegt námsmat þegar átt sér stað. Það á einnig við um sl. þrjár vikur, nemendur hafa preytt próf og skilað verkefnum í nánast öllum greinum og vinnan í fjarnáminu reiknast því líka inn í lokanámsmat.

Eftir páska verður lokanámsmat mögulega endurskoðað. Ef hægt verður að hefja skólahald í byrjun maí gerum við ráð fyrir að útgefin próftafla gildi. Ef skólalokun heldur áfram verður hver áfangi skoðaður fyrir sig; í stað skriflegra lokaprófa í skólanum geta komið heimapróf, munnleg próf eða verkefni. Nánari upplýsingar um námsmat verða gefnar út fljótlega eftir páskafrí.

Stúdentsefnin spyrja eðlilega um viðburði vorsins og hefðir sem tengjast brautskráningu. Vænta má að ýmislegt af því þurfi að endurskoða en þó má minna á að skólaárinu lýkur ekki fyrr en í byrjun júní og því ekki loku fyrir það skotið að hægt verði að halda einhverja viðburði seint í vor, eftir því hvernig málum vindur fram. Allir slíkir viðburðir verða þó að sjálfsögðu bara haldnir ef fyrirhæli Almannafræðingur leyfa. Enn sem komið er stefnum við á brautskráningu 17. júní.

Við höldum áfram skólastarfinu af krafti í samvinnu við ykkur eftir páska, þetta verður á allan hátt lærdómsríkt og eftirminnilegt skólaár.

Gleðilega páska.

Jón Már Héðinsson

Skólameistari MA